

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir íbúðarhverfi í Norðurbæ, vegna Heiðvangs 32.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. febrúar 2024 breyting á deiliskipulagi fyrir íbúðarhverfi í Norðurbæ. Breytingin felst í því að skilmálum vegna Heiðvangs 32 er breytt þannig að byggingarmagn á lóðinni eykst og nýtingarhlutfall verður 0,27. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Öldutúnsskóla, lóð fyrir dælustöð vatnsveitu Hafnarfjarðar, Öldutún 9d.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 31. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Öldutúnsskóla. Breytingin felst í því að stofnuð er 29,4 fm lóð, Öldutún 9d, undir dælustöð við Öldutúnsskóla með nýtingarhlutfall 0,51. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 14. febrúar 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.